

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	13.03.20
Málalýkill	05.51
Mál nr.	2003234



Til bæjarráðs Garðabæjar

bt. Guðjóns Friðrikssonar, bæjarritara

Vegna 17. júní hátíðahalda í Garðabæ

Stjórn Kvenfélags Garðabæjar hefur hug á að endurtaka þátttöku í hátíðarhöldum 17.júní nk. með kaffihúsastemningu á inntorgi Garðatorgs 7 með aðsetur í fundarsal Sveinatungu.

Eins og öllum bæjarbúum er ljóst, þá er hátíðarhlaðborg Kvenfélags Garðabæjar fastur liður í 17. júní hátíðarhöldum í bænum. Þar sem stórfjölskyldan kemur árlega saman, sem tókst svo vel á liðnu ári á inntorgi Garðatorgs.

Þetta verkefni er fastur liður í sjálfböðavinnu félagskvenna að baka og vinna á 17.júní sem er stærsta fjáröflun félagsins ár hvert. Einnig kemur fjallkonan úr röðum Kvenfélags kvenna og skautbúningurinn er eign félagsins.

Okkur langar til að endurtaka vel heppnað hátíðarhlaðborð félagsins á inntorgi Garðatorgs og óskum við því eftir hvort möguleiki sé á að fá fundarsali Sveinatungu fyrir næsta 17. júní ef hátíðarhöld bæjarins verða á Garðatorgi?

Við sjáum fyrir okkur að setja upp skemmtilega kaffihúsa stemningu á Garðatorgi í nálægð við hátíðarsvæðið.

Garðabæ, 12. mars 2020

Með kveðju fh. stjórnar Kvenfélags Garðabæjar

Sigurbjörg Helena Jónasdóttir, formaður

Erla Bil Bjarnardóttir, ritari

Sigurbjörg Helena Jónasdóttir formaður
Erla Bil Bjarnardóttir, ritari